

98 hrepps. Þessari beiðni hafid þjer samkvæmt ályktun amtsráðsins beint til mín 9. ágúst. með meðmælum.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að styrkurinn hefir ekki verið notaður á þeim tíma, er hann var veittur fyrir, þá á hann samkvæmt fyrir-mælum reglugjörðar sjóðsins, dags. 27. desember 1888 (Stj.tíð. 1889 B. bls. 61), að renna í höfuðstól sjóðsins aptur, og er ekki heimild til að veita framlengdan frest til framkvæmdar öðru verki en því, sem áskilið var við veiting styrksins.

99 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 15. ág. bústað hjeraðslæknisins í 5. læknishjeraði (Ágrip). — Með brjefi þessu fyrirskipaði landshöfðingi, að bústaður hjeraðslæknisins í 5. læknishjeraði skuli eptirleiðis vera við Patreksfjörð norðanverðan.

100 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 20. ág. sveitfesti þurfalings. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 8. maí þ. á. hefi meðtekið próf þau, er haldin hafa verið samkvæmt brjefi mínu, dags. 11. apríl f. á., útaf sveitfestismáli Einars Sigurðssonar frá Lambleksstöðum, umsagnir hreppsnefndanna í Mýrahreppi og Borgarhafnarhreppi um málið, dags. 28. jan. og 28. marz þ. á., svo og önnur skjöl og skilríki, máli þessu viðkomandi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það, sem nú skal greina:

Með landshöfðingjabrjefi 19. okt. 1887 (Stj.tíð. 1887, B. bls. 135) var skorid úr ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi, þar er hinn umræddi Einar Sigurðsson hafði dvalið frá unga aldri að undanteknum kafla af vistarárinu 1875—1876, er hann veik vistferlum að bænum Sljettaleyti, og hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi, þar sem Einar var fæddur 27. júlí 1858, um það, hvort sveitfestisdvöl hans í Mýrahreppi hefði rofnað við ofannefnda dvöl hans á Sljettaleyti árið 1875—1876, og var eptir þeim skilríkjum, sem þá lágu fyrir, álitid, að dvöl hans á tjeðum bæ hefði verið löglegt heimilisfang, og því úrskurdað, að Einar hefði ekki verið búinn að ávinna sjer framfærzlurjett í Mýrahreppi árið 1885; en þá var samkvæmt skýrslum þeim, er fram voru komnar, talið, að hann hefði orðið aðnjótandi sveitarstyrks í Mýrahreppi.

Þegar Mýrahreppur samkvæmt þessum málalokum tók að krefja fæðingarhreppinn, Borgarhafnarhrepp, um styrk þann, er veittur hafði verið 1885 og þar á eptir 1886—87, neitadi hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi að borga reikning Mýrahrepps, og fann þær ástæður til, að sveitarstyrkur sá, sem talinn var veittur 1885, hafi verið ólöglega veittur og hrekkjabragð eitt af hálfu hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi, og sömuleiðis vefengdi hún fleiri eptirfarandi styrkveitingar. Fór þessu þannig fram, þar til er hingað bárust kærur þær frá hreppsnefndinni í Borgarhafnarhreppi, er tilefni gáfu til raunsóknar þeirrar, er að

framan er getið. Hefur hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi, haldið því fram, **100**
að Einar Sigurðsson hafi með löglegri 10 ára dvöl unnið sjer sveit í Mýrahreppi, **20. ág.**
og báðum hreppsnefndum hefur gefizt ýtarlegt færi á að verja málstað sinn.

Það er nú að vísu svo, að úrskurður landshöfðingja 19. okt. 1887 verður að standa í gildi að því er snertir það atriði, er með honum var úrskurðað, og getur því sveitfestisdvöl Einars Sigurðssonar ekki talizt nema frá vinnuhjúaskildaga 1876; en sje svo, sem haldið er fram af hálfu Borgarhafnarhrepps, að styrkveiting sú, sem fram fór fyrir vinnuhjúaskildaga 1886, hafi verið ólögmet, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að svo verði álitíð, að Einar hafi unnið sjer sveitfesti í Mýrahreppi með löglegri 10 ára dvöl eptir vist hans á Sljettaleyti, og fer þá eptir því um endurgjald á þeim styrkuppþæðum, sem veittar hafa verið eptir þann tíma.

Það er nú sannað með skjölum málsins, að hin eina styrkveiting af hálfu Mýrahrepps, sem fram hefar farið á tímabilinu frá vinnuhjúaskildaga 1876 til hjúaskildaga 1886, er taka á einu barni Einars, er fór þannig fram, að einn dag, þegar Einar var ekki heima, kom oddvitinn á heimili hans, og tók með samþykki konu hans eitt barnið heim með sjer, hafði það hjá sjer í 27 vikur og gjörði því næst reikning fyrir dvalarkostnaði barnsins sem styrkveiting af hreppsfe. Hreppsnefnd Mýrahrepps hefur viðurkennt, að Einar hafi ekki beðið um sveitarstyrk og að engin aðsjón á efnum hans hafi farið fram áður en barnið var tekið á framfæri. En hins vegar hefur nefndin haldið því fram, að kona Einars hafi með ýmsum stóryrðum kvartað við oddvita um bjargarskort, að oddvitinn hafi verið svo persónulega kunnugur högum Einars, að hann hafi vitað, að hann þurfti sveitarstyrk, að aðsjón hafi þessvegna verið óþörf og ekki venja að gjöra slíka aðsjón, og að Einar hafi gefið samþykki til þess, að barnið væri tekið á sveitarframfæri. En þó að það væri álitíð sannað, að kona Einars hefði kvartað við oddvita, þá hefði sú umkvörtun að eins getað gefið nefndinni tilefni til að rannsaka hag Einars, en var ekki nægileg heimild til að veita styrk að forráðamanni heimilisins fornspurðum, og að því er það atriði snertir, að Einar hafi eptirá veitt samþykki sitt til barnstökunnar, þá er það í sjálfu sjer ekki nóg til þess að gjöra styrkveitinguna lögmet, og auk þess er það alls ekki sannað gegn mótmælum, að Einari hafi verið sagt það berlega þá, að barnstakan ætti að álitast sem sveitarstyrkur. Gagnvart þeirri málsástæðu nefndarinnar, að oddviti hafi vitað, að heimili Einars hafi verið bjargarlaust og þurft styrk, eru framkomnar í prófunum ýtarlegar skýrslur, sem ekki hnekkja framburði þeirra hjóna um það, að þau hafi alls ekki verið í neinni knýjandi þröng nje bjargarskortu, og það verður að álíta, að hið rjetta í þessu efni mundi hafa komið fram, ef aðsjón hefði fram farið eins og lög standa til; en fyrirmælum 9. greinar fátækrareglugjörðarinnar um þetta atriði getur engin ólögleg venja hnekk, þótt sönnuð væri.

Það verður því samkvæmt framangreindu ekki álitíð, að taka barnsins og framfærzla þess á árinu 1885 hafi verið löglega veittur sveitarstyrkur, og með því að samkvæmt því, sem áður er fram tekið, ekki er að ræða um aðra styrkveitingu á tíu ára tímabilinu frá hjúaskildaga 1876, þegar lögleg sveitfestisdvöl Einars í

100 Mýrahreppi hófst á ný, til hjúaskildaga 1886, þá hefur Einar unnið sjer fram-
20. ág. færzlurjett í Mýrahreppi áður en styrkveitingar af Mýrahreppi, sem nefndin þar
hefur krafið Borgarhafnarhrepp endurgjalds á, koma til greina.

Það úrskurðast því hjer með, að Borgarhafnarhreppur skuli vera laus
við að greiða Mýrahreppi endurgjald fyrir styrkveitingar til Einars Sigurðssonar
sem nú er á Haukafelli, á árunum 1885, 1886—1887.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til
þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar,

101

21. ágúst.

Viðauki

viðfjallskilareglugjörð Austur-Skaptafellssýslu.

Um sauðfjármörk.

Hver markeigandi í sýslunni greiði 50 aura í sýslusjóð fyrir auglýsing
marksins í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, sem prentuð er ný markaskrá
fyrir sýsluna.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það oddvita
hreppsnefndar fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp, en oddviti hrepps-
nefndar skal senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin fjármörk í hreppnum
fyrir júnílok ár hvert, og skal aðalskrá yfir slík mörk birt í opinberu blaði fyr-
ir ágústm.lök á kostnað sýslusjóðs. Fyrir auglýsing á nýuppteknu fjármarki
greiðir eigandi 1 kr. í sýslusjóðinn. Hið sama gildir og, ef eigandaskipti verða
að sauðfjármarki og einnig þegar mark er flutt inn í sýsluna. Önnur mörk en
þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst á framangreindan
hátt, er ekki leyfilegt að brúka í sýslunni.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum eptir fjallskilareglugjörðinni
og skal mál um brotin fara með svo sem ákveðið er í nefndri reglugjörð.

*

*

Framanritaður viðauki, sem sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu hefir
samið, var staðfestur og löggiltur, samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggilt-
ar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Austuramtsins á fundi 12.—14. þ.m. til
þess að öðlast gildi 1. jan. 1896.

Íslands Austuramt, Akureyri 21. ágúst 1895.

Páll Briem.

102

26. ágúst.

Reglugjörð

fyrir umboðsmenn þjóðjarða.

1. Umboðsmenn skulu sjá um, að umboðsjarðirnar verði bættar og
mannvirkjum á þeim haldið við, sbr. 6. gr. ráðgjafarþjefs 25. maí 1880 (Stjt. 1880 B.
nr. 89.) og skulu þeir að minnsta kosti einu sinni árlega skoða hverja jörð og áminna
leiguliða um að bæta það, sem reynist ábótavant.